

## GJALDSKRÁ

### fyrir hitaveitu Hafnarhrepps.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 12.18 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 832.00.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té auka mæla, ef þess er óskað.

##### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " .....	kr. 5 200.—
b) fyrir mæla 1"—2" .....	— 10 400.—
c) fyrir mæla stærri en 2" .....	— 20 800.—

##### 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 3 000.—.

##### 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

**7. gr.**

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m <sup>3</sup>	615 000 kr.
300—2.000 m <sup>3</sup>	615 000 kr. + 670 kr/m <sup>3</sup>
2.000—6.000 m <sup>3</sup>	1 754 000 kr. + 550 kr/m <sup>3</sup>
6.000—10.000 m <sup>3</sup>	3 954 000 kr. + 490 kr/m <sup>3</sup>
Yfir 10.000 m <sup>3</sup>	5 914 000 kr. + 440 kr./m <sup>3</sup>

b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni fyrir 1. september 1981 skal greiða, gjald samkvæmt a) að viðbættu 30% álagi.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 80 000.— í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

**8. gr.**

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

**9. gr.**

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 10 000.—.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

**10. gr.**

Heimæðargjöld samkvæmt gr. 7 eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 539 stig.

Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1. eða samsvarandi taxta, en hann er nú 17.00 kr/kWst auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

**III. KAFLI****11. gr.**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hut eiga að máli.

*Lönaðarráðuneytið, 12. desember 1980.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Páll Flygenring.*

## **SAMÞYKKT**

### **um hundahald í Fellahreppi.**

#### 1. gr.

Hundahald í Fellahreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

- 1.1. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda, né heldur valdi tjóni eða skaða á eigum manna.
- 1.2. Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig eigi fram og/ eða vitjar ekki hundsins innan tveggja sólarhringa hefur lögregla heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra ekki innan eins sólarhrings og svara eigi til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi án frekari fyrirvara.
- 1.3. Eigi er heimilt að hafa hunda með sér, þó í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem þær nefnast þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
- 1.4. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.
- 1.5. Hundar notaðir vegna búreksturs eru ekki háðir gjaldtöku eða skráningar-skyldu en eigendur slíkra hunda eiga þó kost á því að láta skrá þá. Við skráningu fær eigandi þá afhenta merkta plötu til að festa á ól. Hreppsnefnd getur að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd ákveðið að allir hundar í hreppnum skuli skráðir telji hún þörf á því.
- 1.6. Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan girðingar þéttbýlisins í Fellahreppi (sauðfjarveikivarnargirðingarinnar), nema smalahunda á þeim tíma sem þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku svo og minnkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni er hefur fullt vald yfir þeim.